

**Samkaup** strax

**Athugið breyttan opnunartíma**

Mánudaga til föstudaga: **09:00-19:00**

Laugardaga: **10:00-19:00**

Sunnudaga: **10:00-17:00**

Verið velkomin  
Starfsfólk Samkaup Strax

**ATVINNA.**

**Samkaup Strax vantar starfskraft  
í helgarvinnu í vetur.**

**Upplýsingar gefur Verslunarstjóri á staðnum.**



**KB BANKI**

**Hraðbankinn**  
er opinn allan sólarhringinn.

**Afgreiðslutími á Flúðum:**  
mánudaga til föstudaga: 11:15-16:00  
Breittur viðtalstími bankastjóra á  
miðvikudögum 13:30-15:45

**Athugið!!!!**  
**Breytt símanúmer. 480-4700.**



184. tbl. 15. árgangur

**Ágúst..2005**

Ritstjóri: Ísólfur Gylfi Pálmason

**[www.hrunamannahreppur.is](http://www.hrunamannahreppur.is)**

Útgefandi: Hrunamannahreppur

Netfang: [pesi@fludir.is](mailto:pesi@fludir.is)

Sími: 480 6600

**Göngur og réttir**

Einn af föstu og mikilvægustu liðum í sveitinni eru göngur og réttir. Samkvæmt reglugerð um fjallskil er gert ráð fyrir að Hrunaréttir verði á tímabilinu frá 10. til 16. september. Hér er um enn eitt samvinnuverkefni hreppa uppsveita Árnæssýslu að ræða ( og líklega um það allra elsta) reyndar tengist Flóinn einnig verkefninu þar sem kindur úr Flóanum eru reknar á afrétt á svæðinu. Ljóst er að Hrunaréttir verða 16. september .

**Efnisyfirlit**

Íbúðir aldraðra.  
Forystugrein sveitarstjóra.

Fréttir úr Hrunamannahreppi

Tilkynningar

Auglýsingar

**Næsti Pési kemur út:**

9. sept

**Skilafrestur á efni:**

6.sept

**Vetraropnun  
sundlaugar og í-  
þróttahúss, verður  
birt í næsta Pésa.**

## Íbúðir fyrir aldraða

Eins og áður hefur komið fram í Pésanum hefur um nokkurt skeið starfað undirbúningsnefnd um byggingu íbúða fyrir aldraða í Hrunamannahreppi. Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn í september á síðasta ári í framhaldi af þeirri höfðinglegu jarðargjöf, sem Sigrún Tómasdóttir á Grafarbakka 2 hefur heitið að gefa undir byggingar fyrir íbúðir aldraða í Hrunamannahreppi. Í lok júlí s.l. hélt undirbúningsnefndin opinn fund um hugsanlegar framkvæmdir og kynningu á því á hvern hátt nefndin hefur unnið. Fundarsókn var mjög góð og sýndu fjölmargir þessum málum mikinn áhuga. Undirbúningsnefndin hefur unnið afar vel og faglega en á fundinn mætti einnig Sigríður Magnúsdóttir arkitekt en hún og maður hennar Hans Olaf Andersen hafa unnið að frumhugmyndum um húsnæðið. Það þýðir ekki að búið sé að ákveða í smáatriðum hvernig byggingin á að vera heldur er hér um hugmyndavinnu að ræða. Nefndin hefur skoðað hvernig staðið er að þessum málum á Hvolsvelli, Hellu og Þorlákshöfn. Einnig var fjallað um ýmsa möguleika á eignarhaldi og rekstrarformi húsnæðisins. Þá fjallaði Sigurður Ingi Jóhannsson oddviti um hugsanlega þátttöku sveitarfélagsins að uppbyggingu og rekstri. Auðvitað hefur fólk mismunandi skoðanir á því á hvern hátt best er að standa að uppbyggingu íbúða sem þessara og hve mikið sameiginlegt húsnæði á að vera. Margir velta fyrir sér hvað verður um þær íbúðir sem þegar hafa verið byggðar fyrir aldraða hér á Flúðum. Það er opinber stefna stjórnvalda á Íslandi að skapa þær aðstæður að aldraðir geti verið eins lengi í eigin húsnæði. Þess vegna er heimilishjálpi með þeim hætti sem raun ber vitni. Hins vegar virðist greinilegur áhugi hér á að skoða hugmyndir um byggingu húsnæðis fyrir aldraða til hlítar og mjög margir vilja dvelja í heimabyggð svo lengi sem auðið er. Í undirbúningsnefndinni sitja Guðbjörg Björgvinsdóttir sem er formaður nefndarinnar, Sr. Eiríkur Jóhannsson, Loftur Þorsteinsson, Þorbjörg Grímsdóttir og Sigurður Tómas Magnússon sem er sonur Sigrúnar Tómasdóttur. Ákveðið hefur verið að halda næsta opna fund í lok september og er þess vænst að á þann fund mæti þeir sem hafa í hyggju að taka þátt í þessum framkvæmdum eða vilja kynna sér málin enn betur. Hvað sem verður nýtist þessi vinna vel inní framtíðina því víst er að þörf er fyrir íbúðir fyrir aldraða hér eins og annarsstaðar því að Íslenska þjóðin er að eldast. Vert er að þakka undirbúningsnefndinni fyrir framúrskarandi vinnu.

Ísólfrur Gylfi Pálmason,  
sveitarstjóri.

Eins og undanfarin ár tókum við saman lista úr Álagningarskrá yfir “skattakóngana” í hreppnum tekjuárið 2004.

Það skal tekið fram að um álagningu getur verið að ræða.  
Birt án ábyrgðar.

### *Tekjusk/útsvar*

Reynir Guðmundsson	3.108.076
Jóhannes Sigmundsson	2.866.774
Ragnar Kr. Kristjánsson	2.751.851
Hilmar Jóhannesson	2.639.978
Hannibal Kjartansson	2.492.884
Sigurður I Jóhannsson	2.293.871
Guðjón B. Gunnarsson	1.937.564
Bjarni H. Ansnes	1.863.208
Agnar Reider Róbertsson	1.834.149
Jón Matthías Helgason	1.831.239
Styrmir Þór Þorsteinsson	1.785.115
Rut Guðmundsdóttir	1.766.991
Júlíus Þór Sveinsson	1.726.832
Eiríkur Jóhannsson	1.693.951
Brigitte Bruger	1.681.143

### **Félagsleg heimþjónusta.**

Félagsþjónusta uppsveita Árnassýslu óskar eftir að ráða starfsmenn nú þegar við félagslega heimþjónustu.

Starfið felur í sér ýmsa aðstoð við almenn þrif, heimilishald og félagslegan stuðning. Markmið félagslegrar heimþjónustu er að gera fólki kleift að búa á eigin heimili eins lengi og mögulegt er.

Starfshlutfall eftir samkomulagi.

Allar nánari upplýsingar veitir Sólveig Pétursdóttir félagsm.stj.  
Netfang solveig@mmedia.is. Sími 480 8800

## Frá 17. júní nefndinni.

Hátíðardagskráin var haldin við íþróttahúsið í einstakri veðursæld. Fjöldi manns kom og naut dagskrárliða og veðurblíðunnar.

Nefndin vill koma á framfæri **kæru þakklæti til allra** sem lögðu hönd á plóginn til að gera þennan hátíðardag eins góðan og kostur var á. Það er gott að búa í sveitarfélagi þar sem margir eru boðnir og búnir að rétta fram hjálparhönd til að gera þennan þjóðhátíðardag okkar Íslendinga skemmtilegan.

Hér að neðan eru nöfn þeirra keppenda sem hlutu verðlaun í þeim keppnum sem haldnar voru á þjóðhátíðardaginn. Öllum keppendum er þakkað kærlega fyrir þátttökuna.

### Kassaklifur:

#### Stúlkur.

1. sæti Heiða Vilborg með 12 kassa á 1,43 sek.
2. sæti Margrét með 11 kassa á 0,45 sek.
3. sæti Sigurbjörg með 10 kassa á 0,55 sek.

#### Piltar:

1. sæti Bragi Viðar með 20 kassa á 5,33 sek.
2. sæti Helgi Sigurbór með 16 kassa á 2,49 sek.
3. sæti Baldur Örn með 16 kassa á 2,50 sek.

### Kassabílarally:

#### Yngri flokkur.

Ari, Jóhann Halldór og Jónas fóru brautina á 17,3 sek.

#### Eldri flokkur.

Tryggvi, Óli Þór og Bragi Viðar fóru brautina á 15,5 sek.

### 17. júní hlaupið:

#### Stúlkur – yngri flokkur

1. sæti Marianna
2. sæti Sunna
3. sæti Ásta

#### Drengir – yngri flokkur

1. sæti Hafþór
2. sæti Jónas
3. sæti Guðjón Örn

#### Stúlkur – eldri flokkur

1. sæti Elma
2. sæti Guðrún Margrét
3. sæti Katrín

#### Drengir – eldri flokkur

1. sæti Ólafur Þór
2. sæti Heimir
3. sæti Mummi

Að lokum þakkar nefndin öllum þjóðhátíðargestum fyrir komuna og vonar að allir hafi fundið eitthvað við sitt hæfi.

Með bestu kveðju,  
17. júní nefndin.

## Stuttar fréttir úr Hrunamannahreppi

### Nýir möguleikar í öflun neysluvatns!

Þrátt fyrir mikilar aðgerðir á undanförunum árum vantar enn uppá að við getum verið alveg örugg með kaldavatnsöflun í Hrunamannahrepp þegar mest álag er á veitunni. Þetta á við á miklum þurrkadögum þegar vatn er nýtt til þess að vökva lóðir við íbúðarhús og sumarbústaði og alltaf fer mikið vatn til matvælaframleiðslu hér. Tilraunir við borun eftir köldu vatni í landi Hruna að undanförunu hafa ekki borið til-ætlaðan árangur. Matvælaframleiðsla okkar byggist á góðu neysluvatni og alltaf eru gerðar meiri og meiri kröfur í þeim efnum. Nú er í bígerð að afla neysluvatns í Fagradal uppaf Berghyl. En þar eru svokallaðir Blálækir sem stefnt er að virkja. Blálækirnir eru í landi Berghyls og Jötu. Þegar hafa verið lögð drög að samningum við landeigendur vegna virkjunar þessara vatnsbóla. Vatn úr þessum lindum hefur verið rannsakað og í ljós kemur í rannsóknarniðurstöðu að það stenst þær kröfur sem Umhverfisstofnun gerir og virðist vatnið bæði gamalt og gott. Við fyrstu sýn virðist vatnið u.þ.b. þrisvar sinnum meira en það vatn sem við höfum til afnota núna hjá Vatnsveitu Flúða. Hér er um talsvert kostnaðarsama framkvæmd að ræða og bendir gróf kostnaðaráætlun til að kostnaður nemi á milli 30 til 35 milljónum króna. Endanleg ákvörðun um framkvæmdir verða teknar á næsta fundi hreppsnefndar þann 17. ágúst n.k. Hannibal Kjartansson, veitustjóri hefur unnið mjög ötullega að þessu máli og ber að þakka honum, landeigendum og veitustjórn fyrir áhuga og þá vinnu sem þegar hefur verið unnin.

### Nýr skólastóri.

Nýr skólastjóri hefur tekið við stjórn Flúðaskóla. Þetta er Guðrún Pétursdóttir sem áður var aðstoðarskólastjóri í Víkurskóla. Þegar skólastjóraskipti eiga sér stað reynir oft mikið á aðstoðarskóla-stjórnann. Aðstoðarskólastjórinn okkar Ragnildur Birgisdóttir hefur staðið í ströngu og staðið sig að vanda með miklum ágætum. Nýr skólastjóri er boðinn velkominn til starfa. Það er einlæg von okkar að traust og gott samstarf verði milli sveitarstjórnar, skólayfirvalda, kennara og nemenda. Nýir og “gamlir” kennarar eru einnig boðnir velkomnir til starfa við Flúðaskóla. Kennsla hefst í skólanum 22. ágúst n.k.

### **Fjölhæfur oddviti Hrunamanna!**

Þeir kumpánar oddviti og sveitarstjóri Hrunamanna brugðu undir sig betri fætinum og heimsóttu granna okkar úr Tungunum, þegar þeir Bragi á Vatnsleysu, Arnór frá Ból og Björn í Úthlíð héldu uppá sjö-tugsafmæli sín á dögnum. Þetta var eins og við mátti búast hin skemmtilegasta og menningarlegasta samkoma. Þar sem sungið var um Kristján í Stekkholtum og marga fleiri höfðingja. Einsöngvarinn Jóhann Friðgeir Valdimarsson söng af stakri prýði eins og vænta mátti. En þegar hann fór upp á hæsta tóninn heyrðist í myndarlegri konu sem gjóaði augunum upp að leiksviðinu og sagði: “Það er ekki nóg með að hann sé fjallmyndarlegur oddvitinn og dýralæknirinn þeirra Hrunamanna heldur syngur hann svona dáindis vel.” Sagan segir að oddvitinn hafi tekið þessu hið besta og fannst engin ástæða til þess að leiðrétta konuna þegar hún þakkaði honum af miklum hlýhug fyrir sönginn.

### **Góð frammistaða okkar manna á Akureyri.**

Heimir Gunnarsson knattspyrnuþjálfari og málari brá undir sig betri fætinum á dögnum og fór með unga knattspyrnumenn úr Hrunamannahreppi á svokallað “pollamót” til Akureyrar. Strákarnir stóðu sig með miklum ágætum og voru byggðarlagi sínu til mikils sóma. Það vakti sérstaka athygli og reyndar aðdáun að í markinu hjá okkar mönnum var Sigmar Sigbórsson sonur Margrétar Harðardóttur, starfsmanns í versluninni Strax, en hann er hreyfilhamlaður. Íþróttir eiga að vera fyrir alla, en oft verða þeir útundan sem eitthvað bjátar á hjá. Oft er kappið svo mikið að ekki fá allir að njóta sín. Heimir virkjar alla sína menn, það vakti bæði athygli og ánægju og hafði erindi sem erfiði og ber að þakka honum og öllum sem leggja á sig mikla vinnu í ungmennastarfi hér í hreppnum t.d. fóru margir foreldrar með keppnisliðinu til Akureyrar.

# **FLÚÐALEIÐ ehf.**

**Mínum á breytta ferðaáætlun í uppsveitir Árnessýslu** (Grímsnes, Laugardalur, Biskupstungur, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur)

Brottför frá Reykjavík (VM Flytjanda, Klettagörðum 15): alla virka daga kl: **13<sup>00</sup>**

Brottför frá Selfossi (Húsasmiðjunni, Byko og Flytjanda): alla virka daga kl: **14<sup>00</sup>**

**Nú verður aukaferð farinn frá Reykjavík kl: 16<sup>00</sup> alla föstudaga.**

Allar nánari upplýsingar gefur Pálmar á Flúðum.

### **Bílstjórar:**

Pálmar: 892-2370 Stefan: 892-2371  
Halldór: 892-2372

Heimasími: 486-6685 Fax: 486-6693  
Netfang: fludaleid@simnet.is

## Frá Æskulýðsnefnd og Ferðamálanefnd.

Göngurnar í sumar hafa verið ágætlega sóttar, en einhverra hluta vegna hittist oft á frekar leiðinlegt veður á sunnudagana svo það hefur kennski heldur dregið úr fólki máttinn.

Jæja kærur sveitungar, nú geta allir farið og skoðað Byrgi Fjalla—Eyvindar því ofangreindar nefndir, sem innihalda áhugasamt fólk um áhugaverða ferðamannastaði og hreyfingu, hafa unnið að því baki brotnu í sumar að koma upp skilti, prílum og stikum. Ef ekið er heim að Jötu verða þessar miklu framkvæmdir á vegi fólks þ.e.a.s. bílaplan og sögu- staðaskilti og ef fólki dettur í hug að leggja land undir fót þarf það ekki að rífa fötin sín á gaddavirsgirðingum né komast í “stuð” á rafmagnsgirðingu því þar eru komnar hinar veglegustu prílur. Unnið er að því að koma upp borði og bekkjum svo fólk geti sest niður að göngu lokinni og nært sig eða bara notið náttúrunnar.

Næsta sunnudag þann 14. ágúst ætlar Hrund að storma með fólk upp í Gildurhaga, þar mun hún þylja upp álfa og tröllasögur. Síðasta gangan er svo 21. ágúst en þá er farið niður með gljúfrum Stóru—Laxár. Mjög gott væri að panta tímanlega í þá göngu hjá Möggu, Hrund eða Halldóru, við erum í símaskránni með alla okkar síma.

## Frábær hljómsveit tekur upp hljómplötu á Flúðum

Hljómsveitin Hjálmar frá Keflavík verða hér í Félagsheimilinu á Flúðum og taka upp nýja plötu. Hljómsveitin Hjálmar er ein allra heitasta og skemmtilegasta hljómsveit landsins um þessar mundir og leikur í reggístíl. Rúnar Júlíusson stórpoppari, sem aldrei bregst, kemur hingað með upptökuver sitt og festir tóna hljómsveitarinnar á “stálþráð” eins og sagt var í eina tíð. Hjálmar hafa einmitt spilað með Rúnari inná hljómdisk sem kom út í vor í tilefni af sextugsafmæli þessa síunga rokkara. Óhætt að segja að þar tengist poppkynslóðirnar, frumkvöðullinn og arftakarnir. Milligöngumaður í þessu er Árni Hjaltason Útlagafursti og Hljómsveitin Hjálmar stíga á stökk á Útlaganum 19. ágúst n.k.

## Aðalskipulag Hrunamannahrepps

Enn hefur aðalskipulag Hrunamannahrepps 2003-2015 ekki verið endanlega staðfest. Gögnin eru hjá Skipulagsstofnun og er enn verið að vinna að ýmsum atriðum sem í rauninni eru mjög smávægileg í allri þeirri vinnu sem innt hefur verið af hendi. Kostnaður vegna aðalskipulagsins er mikill og hefur þegar verið sótt um viðbótarframlag frá Skipulagsstofnun en þeirra þátttaka í verkefninu nemur um kr. 2.100.000 en heildarkostnaður nemur tæplega kr. 6.000.000.- Ekki má gleyma að lögum samkvæmt ber okkur að vera með virkt aðalskipulag í lagi.

## Deiliskipulag

Auglýsingaferli vegna breytinga á deiliskipulagi á Flúðum er á enda runnið. Breytingarnar eru við Vesturbrún og við Hofatún. Einnig nýtt í Högnastaðási og það sem við höfum kallað “Tómasarhaga” en glöggir menn hafa bent á að heitir í raun Austurhof – í samræmi við Suðurhof, Miðhof og Norðurhof. Deiliskipulögin verða lögð fyrir næsta hreppsnefndarfund þann 17. ágúst og í framhaldi af samþykkt þeirra send skipulagsfulltrúa sem kemur deiliskipulögunum í staðfestingaferil. Í framhaldi af þessu verður hægt að staðfesta úthlutun lóða á þessum svæðum. Heyrst hefur að fólki þyki þetta allt seint ganga en skrifinnskan er mikil í ferli sem þessum m.a. þarf Fornleifastofnun að gefa sitt leyfi svo dæmi sé tekið. Vonandi verða engin ljón á veginum í ferlinum sem eftir er.

### Göngum betur um

Örn Einarsson, garðyrkjumaður hefur bent á að nauðsynlegt sé að við göngum vel um í okkar föggu sveit. Eins og flestum er kunnugt, þá sér Örn um umhirðu opinna svæða á Flúðum. Hann hefur bent á að umgengni við innfædda og jafnvel aðkomumenn hafi gengið með ágætum í sumar, að undanskyldu því að einhverjir hestamenn virða ekki grænar eyjar og tún og hola það út með hófaförum. Hann hvetur hestamenn til að virða eyjar og grasfleti sem hann hefur í fóstri.

### Sorpmál / Gámasvæði

Tómas Þórir Jónsson hefur einnig bent á að of algengt sé að fólk setur heimilissorp og timbur í brotajárns-gáma, slíkt er grafalvarlegt mál. Einnig bendir hann á að fólk setji dekk á dekkjasvæðið en ekki í sorpið. Þá er Tómas Þórir að setja upp móttöku fyrir – spilliefni, – rafgeyma, smurolíu, rafhlöður, olíusíur, lyf og lyfjaumbúðir og öll önnur eiturefni sem farga þarf. Móttakan verður á gámasvæðinu. Komið verður fyrir tank fyrir smurolíu o.þ.h. Fólk er beðið um að ganga vel um gámasvæði og hefur umgengni þar batnað mikið á þessu ári. Höldum áfram á sömu braut það sparar okkur bæði tíma og peninga það er einnig nauðsynlegt að allt sé í röð og reglu á þessu svæði.

### Enn bætist í grænmetisflórana

Gunn Apeland í Efra-Seli hefur hafið ræktun og sölu á klettsalatí sem sett er í skemmtilegar umbúðir og er enn ein rósín í happagat garðyrkjumanna hér í Hreppnum. Talið er að hún sé eini framleiðandinn hér á landi sem selur þessa framleiðslu sína. Þá ræktar Gunn einnig Jöklasalat sem stundum er kallað iceberg. Vonandi gengur þessi framleiðsla vel hjá þessum Norska Hreppamanni og ekki er að spyrja að hollustu vörunnar.

Frá Knattspyrnudeild UMFH.

### Minum á ógreidda giróseðla frá vorönn (jan-maí). Vinsamlegast greiðið sem allra fyrst.

Æfingar á haustönn hefjast á þriðjudaginn eftir réttir.  
Nánar auglýst síðar.  
Kveðja  
Knattspyrnudeildin.

### Grænt Land ehf

845 Flúðum . Iceland

Sameinumst engum.  
Vinnum með öllum,  
og fyrir alla.

Tel: 354-486 6632 GSM: 354-860 5570 Fax: 354-486 6632

### Toyota Corolla árg."98 til sölu.

Ekin einungis 68. þús  
Sjálfskiptur og mjög vel með farin.  
Sumar og vetrardekk. Engin skipti.  
Upplýsingar gefur Nína í síma:486 6709/865/3577

### Draumurinn.

Til sölu 3. ára Amerískt king size rúm frá  
Húsgagnahöllinni. 198x200 cm,v/flutnings.  
Hjól, fætur og pífulak fylgir.  
Verð 80.000.(kostar nýtt rúml.140.000)  
Uppl. gefur Hanna Sigga S.821 6684 eða 486 6684.

## Skólasetning í Flúðaskóla

**Skólinn verður settur mánudaginn 22. ágúst nk. klukkan 11:00.**

Umsjónarkennarar taka á móti nemendum og afhenda þeim stundatöflur og innkaupalista.

Skólaakstur verður á skólasetningu, heimkeyrsla verður um klukkan 12:00.

Skólastjóri

Leikskólinn Undraland opnar aftur eftir sumarfrí mánudaginn 15. ágúst.

Leikskólastjóri.

## Endurbygging gamla gangnamannakofans í Svínárness

Helgina 12-14. ágúst ætlar ASÆL að fara í Svínárnes og endurbyggja gamla kofann þar. Félagsmenn og allir áhugamenn eru hvattir til þess að leggja verkefninu lið. Nauðsynlegt er að tilkynna þátttöku til Unnsteins í síma 894-333, Hilmars í síma 898-5404 eða Jóns Óla í síma 893-6723. Hér er um sérlega gott framtak að ræða sem vert er að þakka og eflir samstöðu í hreppnum um leið og þetta undirstrikar gamla menningu sem nauðsynlegt er að varðveita.

## Skemmtiferð eldri borgara

Þeir sitja ekki með hendur í skauti eldri borgarar hér í hreppnum. Mánudaginn 15. ágúst er fyrirhuguð ferð á Hrunamannaafrétt undir fararstjórn Lofts Þorsteinssonar. Til stendur að skoða leitarmannakofa í Svínárnesi og þar er fyrirhugað að grilla dýrindis máltíð að hætti hreppamanna og ef við þekkjum þetta vísa fólk rétt er líklegra að á grillteininum verði lambakjöt fremur en eitthvert fiðurfé.

## Falleg ljósmyndasýning

Þær eru fallegar myndirnar sem Sigurður Sigmundsson, fréttaritari og ljósmyndari hefur tekið og hafa verið til sýnis í versluninni Strax hér á Flúðum í sumar. Einnig hefur Sigurður verið ötull að vanda að birta fréttir í Morgunblaðinu úr uppsveitum Árnessýslu. Það er gott að eiga “fréttahauka” í horni eins og Sigurð, þeir lífga uppá tilveruna um leið og þeir upplýsa landslýð í máli og myndum. Til hamingju með sýninguna Sigurður!

## Starfsfólk óskast!

Enn vantar umsjónarmann fyrir Sundlaugina á Flúðum, en Aðalheiður Jónsdóttir hefur verið umsjónarmaður hennar í sumar. Þá vantar enn starfsmann sem sinnir hreingerningum í Félagsheimilinu í þeim hluta sem skólinn starfar. Við hvetjum fólk til þess að sækja um þessi störf. Í sundlauginni gæti verið um hlutastarf verið að ræða.

## Sameining sveitarfélaga

Eins og margoft hefur komið fram hefur verið ákveðið að efna til kosninga um sameiningu sveitarfélaga í uppsveitum Árnessýslu laugardaginn 8. október n.k. Þann dag verða reyndar 16 sameiningarkosningar á Íslandi. Mjög gott íbúaping var haldið í júní s.l. í Skálholti fyrir allar uppsveitir Árnessýslu er fjallaði um sameiningarmálin.. Um eitthundrað manns mættu til fundarins. Afar fróðleg og skemmtileg tjáskipti urðu og var umræðan frjó og opin, á engan hátt einstrenginguleg hvort heldur menn voru með eða á móti sameiningu. Eitt af mörgu sem fram kom á þessum fundi var að hér væri um dreifbýlissveitarfélög að ræða þar sem kröfur íbúanna eru nærri hinar sömu og í þéttbýlissveitarfélögum en að vonum er öll þjónusta mun dýrari í dreifbýlinu, þó svo að sveitarfélögin rukki yfirleitt ekki inn raunkostnað fyrir þjónustuna. Auðvitað kom mýmargt annað fram og miklar vangaveltur eru alltaf varðandi skóla og stjórnsýslu. Starfsmaður sameiningarnefndarinnar er Eva Marín Hlynsdóttir, stjórn málafræðingur á Hrafnkelsstöðum sem veitir fúslega allar upplýsingar um störf sameiningarnefndar en fulltrúar Hrunamannahrepps í henni eru oddvitinn, Sigurður Ingi Jóhannsson og sveitarstjórinn Ísólfr Gylfi Pálmason.

## Iðandi dagar!

Iðandi dagar sumarhátíðirnar á Flúðum um Jónsmessu og um verslunarmannahelgina tókust vel þetta árið. Um verslunarmannahelgina voru Iðandi dagar nú í samvinnu við Sölufélag Garðyrkjumannanna sem buðu vegfarendum uppá ýmsar kræsingar. Þessi samvinna á örugglega eftir að aukast og þróast í framtíðinni. Ferðamálanefnd Hrunamannahrepps réði Árna Þór Hilmarsson til þess að annast framkvæmd hátíðarinnar, einnig vann Margrét Brynjólfsdóttir að undirbúningi með Árna. Nefndin hefur haldið fund eftir samkomurnar til þess að fara yfir hvernig til hefur tekist og hvað mætti e.t.v. fara betur. Þessar hátíðir eru reyndar upplagðar fyrir félagasamtök í hreppnum til fjáröflunar.

## Frá Bókasafni Hrunamanna

Landskerfi bókasafna rekur miðlægt bókasafnskerfi sem heitir Gegnir og er ætlað almenningi og þýðir aukið aðgengi við bókakost þeirra safna sem í kerfið eru skráð. Hrunamannahreppur er meðeigandi í Landskerfi bókasafna og í sumar hófst vinna við að tengja bókakost Hrunamanna við kerfið. Nú þegar eru nokkur söfn tengd og eru notendur hvattir til að skoða [www.gegnir.is](http://www.gegnir.is) og kynna sér hvernig framtíðarumhverfi bókasafna mun líta út.

Bókasafn Hrunamanna býður nú uppá tölvu til afnota fyrir almenning sem tengd er Internetinu. Þessi nýja þjónusta er tilvalin fyrir þá sem ekki hafa aðgang að tölvu. Gjaldskráin er ½ klukkustund á kr. 100,-.

Útlánatími bóka er **30 dagar** og útlán má framlengja með einu símtali (486 6708) eða senda tölvupóst á netfangið [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is)

**Sumaropnunartími er til 31. ágúst:**

<b>Mánudagar</b>	<b>Kl. 20-21</b>
<b>Þriðjudagar</b>	<b>Kl. 16-18</b>
<b>Miðvikudagar</b>	<b>Kl. 16-18</b>

**Vetraropnun er frá og með 1. september:**

<b>Mánudagar</b>	<b>Kl. 20-21</b>
<b>Þriðjudagar</b>	<b>Kl. 16-18</b>
<b>Miðvikudagar</b>	<b>Kl. 16-18</b>
<b>Fimmtudagar</b>	<b>Kl. 16-18</b>

Alltaf nýtt efni í hverri viku.

Verið velkomin

**Frá launafulltrúa.**

**Samkvæmt lögum um húsaleigubætur ber að skila árlega inn umsókn um húsaleigubætur ásamt öllum gögnum sem fylgja ber. Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð á skrifstofunni. Vinsamlegast athugið að umsækjendur þurfa að endurnýja umsókn sína fyrir 26 ágúst n.k. til að greiðslur falli ekki niður.**



Við undirrituð sem skipulögðum dagskrá „Íðandi daga“ um Jónsmessuna og Verslunarmannahelgina viljum þakka þeim fjölmörgu sem aðstoðuðu okkur við að láta dagskrána ganga upp. Þar sem við vorum nýgræðingar í þessu starfi kom fljótt á daginn að verkefnið var stærra en við áttum von á. Það er því eins gott að hér í bæ séu til staðar margir fórnfýsir einstaklingar sem hægt er að leita til. Auk þess sem fyrirtæki og hin ýmsu samtök auðvelduðu okkur starfið með einum eða öðrum hætti. Það er nær ógjörningur að hafa hér tölu um ágæti þeirra sem aðstoðuðu okkur, þess þá heldur að telja þá alla upp, þetta rit er einfaldlega ekki nægjanlega stórt til þess. Því segjum við einfaldlega kærar þakkir við alla sem lögðu hönd á plóginn. Það liggur ljóst fyrir að svona hlutir ganga aldrei upp nema með mikilli jákvæðni, hjálpssemi og jafnvel bjartsýni. Ferðapjónustuaðilar, þeir sem þjónusta ferðafólk og heimamenn á svæðinu hafa vonandi notið góðs af þessari uppákomu. Þar sem þátttaka gesta og heimamanna fór fram úr björtustu vonum, vitum við að undirbúningur og aðstaða til móttöku þeirra verður til enn meiri sóma að ári. Takk fyrir okkur.

Árni Þór Hilmarsson og Margrét Brynjólfsdóttir

## Flúðasveppir óska eftir starfsfólki

Um er að ræða 50% starf við uppskeru og pökkun frá 1. sept 2005.

Upplýsingar gefa:

Lilja. S: 480 6700

Georg. S: 893 9911

### Umhverfisverðlaun 2005

Umhverfisnefnd Hrunamannahrepps útnefndi garðinn hjá Önnu Magnúsdóttur og Helga Guðmundssyni í Bjarkarhlíð á Flúðum fegursta garðinn í Hrunamannahreppi. Þau hjón ganga afar snyrtilega um og er öll umhirða og umgengni til algerrar fyrirmyndar. Af því til efni afhenti Oddviti Hrunamannahrepps þessum sæmdarhjónum viðurkenningu, sem var glerlistaverk frá Rut Sigurðardóttur í Dalbæ.

Er þér sama um líf þitt???

Hestamaður!!!

Þú verður að sjást!!

Það eru til endurskinsmerki sem gera þig sýnilegan.

Skammastu þín, ef þú ert ekki með þau,

svo þú verðir langlífur.

Vegfarandi.

### Vantar góða konu eða mann

Þar sem að ég undirrituð er að fara í verknám nú með haustinu vantar mig góða konu eða mann sem getur komið heim til okkar og hugsað um hann Gísla Gunnar sem er aðeins 4 mánaða. Aðeins er um einn mánuð að ræða það er að segja frá 29 ágúst til 23 september. Þeir sem telja sig vera hæfa til þessa starfs hafið samband í síma

486-6490/8465241

Halldóra Halldórsdóttir

### Nýtt símanúmer í Laugarási.

Heilsugæslustöðin í Laugarási hefur

fengið nýtt símanúmer.

**480 5300**

**Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804**

VIOLA snyrtistofa á Flúðum  
Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

*Andlitsbað*  
*Húðhreinsun*  
*Litun og plokkun*  
*Handsnyrting*  
*Fótsnyrting*  
*Förðun*  
*Vaxmeðferðir*

*Tímapantanir í síma 566-8342*



### Hár-Hrun

Verðum í Félagsheimili Hrunamanna  
föstudagana 19. ágúst. 2. sept  
Pantið tímanlega.

Tímapantanir í síma:  
486-6001 Sigrún og 486-5535 Inga Birna.  
Einnig á hársnyrtidegi **893-6084** og **899-9665**.  
Hárgreiðslustofan í Árnesi er opin á  
mánudögum og þriðjudögum. s: 486-6084

### VÖNDULL ehf.- FLUTNINGAÞJÓNUSTA

Daglegar ferðir FLÚÐIR- REYKJAVÍK – FLÚÐIR og nágr.

**Vöruafgreiðsla í Rvk.**

**ADALFLUTNINGAR ehf.**

**Vatnagarðar 6, sími: 581-3030.**

**Brottför frá Reykjavík: alla virka daga kl. 13:00**

**Á Selfossi hjá HÚSASM. og BYKO kl 14:00**

**Nánari upplýsingar: Jóh. Unnar Guðmundsson**

**Sími: 898-3741 Högnastíg 1 Flúðum**

## Körfuboltafréttir.

Nú fer að stytast í að æfingar hefjist að nýju. Ný stjórn hefur tekið við og skipulag vetrarins er í undirbúningi.

Aðalþjálfari verður Árni Þór Hilmarsson og verða einhverjir honum til aðstoðar, en það skýrist betur síðar.

Með nýju fólki í stjórn má gera ráð fyrir breytingum. Strax í upphafi æfingatíma verður lagt fram skipulag þar sem fram kemur hvenær leikir eru. Í beinu samhengi við það verður lagður fram listi þar sem foreldrar geta séð hvenær þeir eiga að keyra á mót, eða vera við stjórnvölinn á heimavelli. Þetta er gert til þess að virkja foreldra, en eins og við vitum eru það yfirleitt þeir sömu sem gefa kost á sér til að aka keppendur á mót. Þetta fyrirkomulag verður kynnt betur á fundi í september.

Gera má ráð fyrir hækkun æfingagjalda og verða þau innheimt með bankainnheimtu. Þeir sem enn hafa ekki greitt æfingagjöld síðasta vetrar eru beðnir um að ganga frá sínum málum sem fyrst.

Með von um góðan og skemmtilegan körfuboltavetur,  
Hrund, Stína og Ingibjörg

---

### Frá Kaffi-Sel

Sumarið hefur gengið vel hjá okkur á Kaffi-Sel og erum við þakklát þeim mörgu viðskiptavinum sem leggja leið sína til okkar. Föstudaginn 29 júlí hélt golfkúbburinn upp á 20 ára afmæli og var slegið upp golfmóti sem rúmlega 100 kylfingar tóku þátt í, má til gamans geta að einn af stofnfélögum kúbbssins, hann Helgi Guðmundsson, hlaut þar fyrstu verðlaun. Eftir mót var hátíðarkvöldverður og voru þá 150 matargestir. Allt þótti lukkast með besta móti, veðrið var gott og maturinn sömuleiðis.

### Opnunartími Kaffi-Sels

**í ágúst verður þessi:**

**Sunnudaga-fimmtudaga 8:00-21:00**

**Föstudaga og laugardaga 8:00-22:00**